

L Ö G

um breyting á lögum nr. 10/1952, um heimilishjálp í viðlögum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 1. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Þá má samkvæmt lögum þessum starfrækja heimilishjálp handa öldruðu fólki, eftir því sem nánar er ákveðið í reglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 22. apríl 1963.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.

L Ö G

um makaskipti á landspildum úr landi jarðanna Laugardalshóla og Miðdalskots í Laugardalshreppi.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að hafa makaskipti á landspildu úr landi jarðarinnar Laugardalshóla og spildu úr landi ríkisjarðarinnar Miðdalskots í Laugardalshreppi, Árnessýslu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 30. apríl 1963.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.